

BORGARRÁÐ 21. september 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu Hverfið mitt verkefna í Breiðholti – MSS23090126

Óskað er upplýsinga um kostnað við verkefni frá 1-7 í kosningu Hverfið mitt í Breiðholti. Flokkur fólksins hefur áður spurt um vúlgar stigann í Breiðholti sem lenti í 8. sæti í kosningunni Hverfið mitt og hvort verkefnin sem voru í sæti 1 til 7 hefðu verið framkvæmd en þau voru jólaljós í tré og jólaljós við Seltjörn, nýjar ruslatunnur, bætt lýsing í hverfið, gróðursetning trjáa, Ærslabelgur og trampólíngarður. Í svari segir að fjárheimildir kr. 130 m.kr hafi rúmað stigann kr. 36 m.kr sem hafnaði í 8. sæti. Ekki er getið hvað hin verkefnin kostuðu. Gefið er í skyn í svari að verkefni 1-7 á vinsældarlistanum hafi öll verið framkvæmd. Í ljós hefur komið að það sé mögulega alls ekki rétt. Hvergi bólar t.d. á bættari lýsingu og nýjum tunnum, í það minnsta kannast íbúar ekki við það. Í framhaldi má spyrja af hverju er sagt að þessi verkefni hafi verið framkvæmt þegar þau hafa ekki verið framkvæmd?